


Skipulagsstofnun
Rut Kristinsdóttir
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. júlí 2009
Tilvísun: UST20090700114/óaj

Efnistaka vegna lagningar Árnesvegar milli Þjórsárdalsvegar og Landvegar

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 16. júlí sl. þar sem leitað er álits Umhverfistofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind efnistaka skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Efnispörf vegna fyrirhugaðrar lagningar Árnesvegar er áætluð um 200.000 m³. Efnið verður tekið úr fimm nánum aur 5.000 m³ sem ráðgert er að taka úr skeringum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að taka rúmlega 60.000 m³ af efni úr Minni-Vallanámu sem er opin, ófrágengin, hraunnáma í Þjórsárhrauni. Í öðru lagi er gert ráð fyrri að fara í Lækjarbotnagryfju sem er opin, ófrágengin, hraunnáma í Þjórsárhrauni. Þar er ráðgert að taka um 20.000 m³. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að sækja um 50.000 m³ af hrauni í nýja námu, Búðanámu sem er norður af fossinum Búða. Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að sótt verði um 53.000 m³ af efni í Flagbjarnarholtseyrar, sem er gamalt námusvæði með malar- og sandeyrum. Þjórsá mun verða veitt yfir efnistökusvæðið þegar Holtavirkjun verður komin í rekstur. Um þetta svæði hefur verið fjalla vegna mats á umhverfisáhrifum Holtavirkjunar. Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að taka um 12.000 m³ af móbergi í Miðhúsanámu. Náman er ófrágengin. Ráðgert er að ganga frá ofangreindum nánum aur undanskildum Flagbjarnarholtseyrum að efnistöku lokinni. Umhverfisstofnun bendir á að sem mótvægisáðgerð ætti framkvæmdaaðili að ganga frá eldri ummerkjum um efnistöku á svæðinu, utan framangreindra svæða, þar sem þess er kostur.

Fyrirhuguð efnistaka verður hvorki innan friðlýstra svæða né innan svæða á náttúruminjaskrá. Fyrirhuguð efnistaka mun að Búðanámu undanskilinni fara fram á opnum og ófrágengnum námusvæðum. Ekki er talið að efnitakan muni raska sérstæðum eða fágætum gróðursamfélögum. Efnistakan mun hafa áhrif á jökulgarða á skömmum kafla vegna skeringa. Áhrif á hraun, sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd verða nokkur þar sem fyrirhugað er að taka efni úr þremur hraunnánum. Á því svæði sem hér um ræðir eru hraun yfirleitt þakin þykkur jarðvegslagi. Með góðum frágangi ætti að vera unnt að draga úr neikvæðum sjónrænum áhrifum efnistökunnar.

Að teknu tilliti til ofangreindra sjónarmiða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd efnistaka muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Ólafur A Jónsson



Gunnlaug H Einarsdóttir